

Álitsgerð

Til undirritaðs leituðu Landssamtök lífeyrissjóða og óskuðu eftir áliti á stjórnskipulegu gildi lagasetningar sem fæli í sér skattlagningu á þegar áunnum séreignarsparnaði manna skv. lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða (hér eftir kölluð lífeyrissjóðalögin ssssl.).

Efni:

Hvaða takmarkanir setur stjórnarskrá íslenska lýðveldisins heimildum löggjafans til að skattleggja nú áunninn séreignarsparnað skv. lögum nr. 129/1997?

Stjórnarskrárákvæði:

Þau ákvæði stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 sem hér koma til skoðunar eru 65. gr., 72. gr. og 77. gr. einkum 2. mgr.

Bakgrunnur:

Samkvæmt 2. gr. ssssl. skal lágmarksiðgjald til lífeyrissjóðs vera a.m.k. 12% að iðgjaldsstofni. Til viðbótar má afla sér lífeyris skv. II. kafla sssl. Samkvæmt 4. tl. A-liðar 30. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt dragast 4% af launum manna vegna skyldutryggingarinnar frá tekjuskattstofni við álagningu skatta á því ári sem unnið er fyrir laununum. Að auki 4% skv. ákvörðun sjóðfélaga sem hann getur nýtt til aukningar lífeyrisréttinda. Oftast eru þessar greiðslur notaðar til að kaupa rétt í séreignarsjóðum¹. Í ljósi þessa er ákvæði í 5. tl. 2. mgr. 8. gr. sl. um að greiðslur úr tryggingum af þessu tagi teljist til tekna þegar þær koma til útborgunar og þá sem laun, sbr. 1. tl. 1. mgr. 7. gr. l. nr. 90/2003.

Með þessum ákvæðum var löggjafinn að stuðla að auknum sparnaði og styrkja lífeyriskerfið. Voru ákvæðin sett beinlínis í þeim tilgangi að hvetja menn til að ráðstafa launum sínum til aukningar lífeyrisréttinda. Það er nánast alltaf keyptur séreignarsparnaður fyrir þessa fjármuni og er við það miðað í því sem á eftir greinir.

Í 1. mgr. 4. gr. sssl. er kveðið á um að sú lágmarkstryggingavernd sem lífeyrissjóður veitir miðað við 40 ára inngreiðslutíma iðgjalds skuli fela í sér 56% af þeim mánaðarlaunum sem greitt er af. Lágmarkstryggingaverndin veitir lífeyrissjóðum heimild til að útfæra verndina á þann hátt að hún byggist samtímis á samtryggingu og samningi um lífeyrissparnað. Sumir lífeyrissjóðir hafa kosið að bjóða sjóðfélögum upp á að hluti af 12% skylduiðgjaldinu fari í séreign. Því er í sumum tilvikum lágmarksverndin tryggð með samþættingu samtryggingar og séreignar.

Það fyrirkomulag að draga frá tekjuskattstofni iðgjöld í lífeyrissjóð og skattleggja útgreiðslur í staðinn getur verið mörgum lífeyrisþegum hagfelld. Sem dæmi má nefna

¹ Skv. ákvæði XLIX til bráðabirgða er heimildin nú 2% til 2014.

sjóðfélaga með háar tekjur en litla inneign í samtryggingarsjóði. Þegar hann hefur töku lífeyris og fær greiddan út séreignarsparnaðinn getur hann vænst þess að skattar hans verði tiltölulega lágir og hann geti m.a. nýtt persónuafslátt sinn á móti útgreiðslum úr séreignarsjóði auk þess sem hann þarf væntanlega ekki að greiða hátekjuskatt eftir töku lífeyris. Á þetta ekki síst við um þá sem hætta að vinna um 60 ára aldur og taka þá út séreignarsparnaðinn og lifa á honum til 70 ára aldurs og hefja þá töku lífeyris úr samtryggingarsjóði. Við þær aðstæður skiptir miklu máli að geta nýtt persónuafsláttinn svo hann falli ekki niður, ónýttur. Ráðgjafar af þessu tagi kunna að hafa ráðið úrslitum þegar ákvörðun var tekin um kaup á séreignarsparnaði.

Um þá röskun sem skattlagning inneignar á séreignarsparnaði nú myndi geta haft:

Undirritaður á ekki kost á öðru en að miða álitid við nógildandi skattalög því eins og gefur að skilja er ekki hægt að spá fyrir um efni skattalaga eftir jafnvel áratugi.

Hér á eftir verða nefnd dæmi um áhrif þess að skattleggja nú réttindi manna í séreignarsjóði.

1. Einstaklingur sem bjóst við tiltölulega lágum og hóflegum sköttum við útborgun séreignarsparnaðar gæti þurft að þola hátekjuskatt komi til skattlagningar nú. Hann gæti þurft að þola lækkun á tekjutengdum greiðslum úr skattkerfinu af ýmsu tagi. Gæti þá séreignarsparnaðurinn að þessu frádregnu orðið harla rýr.
2. Með því að skattleggja lífeyrissparnaðinn nú er verið að lækka tekjuskattstofna komandi kynslóða. Það gæti veikt lífeyriskerfið. Sífellt stærri árgangar eiga eftir að fara á lífeyri og færri hendur að standa undir atvinnustarfseminni miðað við þá sem eru á lífeyri. Til að kerfið gangi upp þurfa komandi kynslóðir að ráða við þetta og hafa vilja til þess. Úr hvoru tveggja gæti dregið með svona lagabreytingu enda aukast tekjur ríkisins ekki við þetta heldur færast til í tíma.
3. Forsendur lífeyrissparnaðar fjölmargra myndu breyta. Margir hefðu einfaldlega sleppt þessari sparnaðarleið ef þeir hefðu átt von á skattlagningu af þessu tagi. Hefðu margir talið hag sínum betur borgið með öðrum ráðstöfunum s.s. niðurgreiðslu skulda.
4. Breyting þessi gæti dregið úr sparnaði til framtíðar, bæði þar sem margir teldu það ekki eins hagstætt og áður að eignast séreignarsparnað og þar sem tiltrú manna á kerfinu biði án efa hnekki. Fólk gæti þá ekki treyst því að lagalegar forsendur ákvarðana sinna standist þegar á reyndi. Það kynni að verða löggjafanum örðugt að hvetja til sparnaðar með hagfelldri lagaumgjörð í kringum hann ef engin treystir því að hún haldist.

Girða ákvæði stjórnarskrár fyrir lagasetningu af þessu tagi:

Fjallað verður um þrjú ákvæði stjórnarskrárinnar, 65. gr., 72. gr. og 2. mgr. 77. gr.. Ákvæði þeirra hljóða svo:

■ **65. gr.** [Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.

Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.]¹⁾

¹⁾L. 97/1995, 3. gr.

■72. gr. [Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir.

Með lögum má takmarka rétt erlendra aðila til að eiga fasteignaréttindi eða hlut í atvinnufyrirtæki hér á landi.]¹⁾

¹⁾L. 97/1995, 10. gr.

■77. gr. [Skattamálum skal skipað með lögum. Ekki má fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann.

Enginn skattur verður lagður á nema heimild hafi verið fyrir honum í lögum þegar þau atvik urðu sem ráða skattskyldu.]¹⁾

¹⁾L. 97/1995, 15. gr.

Ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar:

Jafnræðisregla stjórnarskrárinnar felur m.a. í sér að leyst skuli með sambærilegum hætti úr málum þeirra sem eins eða líkt stendur á um. Í þessu sambandi þarf að skoða annars vegar hvort verið sé að mismuna þeim sem eiga rétt í samtryggingarsjóði annars vegar og þeim sem eiga séreignarlífeyrissparnað hins vegar. Þarf að beina sérstakri athygli að þeirri staðreynd að hópur manna hefur ráðstafað hluta af skyldutryggingariðgjaldinu í séreignarsparnað. Það væri hart fyrir síðarnefnda hópinn að þola óhagstæðari skattlega meðferð á þessum hluta tekna sinna en þeir sem notuðu þær til að eignast rétt í samtryggingarsjóði.

Við samanburð þessara tveggja hópa kemur í ljós að annar sem á í sameignarsjóði er skattlagður við útgreiðslu en hinn, sem á í séreignarsjóði, nú þegar, gengi lagabreyting af þessu tagi eftir. Á heildina lítið má reikna með að hún auki skattaálgur á síðarnefnda hópinn umfram hinn fyrri. Skoðunarefni er hvort þessi mismunur standist ákvæði 65. gr. stjkskr.

Báðir þessir hópar hafa sparað á grundvelli ákvæða laga. Báðir þessir hópar hafa notið samskonar skattahagræðis við inngreiðslu í sjóðina. Munurinn er hins vegar sá að í samtryggingarsjóði falla greiðslur í aðalatriðum niður við andlát sjóðfélaga (sjá þó reglur um makalífeyri o.fl.) en í séreignarsjóði renna réttindin að öllu leyti til sjóðfélagans eða maka hans og barna og að þeim frágengnum til dánarbúsins. Í báðum tilfellum er fjármununum ætlað að tryggja rétt manna vegna elli og örorku.

Þrátt fyrir þann mun sem augljóslega er á þessum tveimur hópum eiga þeir það sameiginlegt að rétturinn myndaðist af launum sem sjóðfélagar öfluðu sér með vinnu sinni. Í báðum tilfellum er honum ætlað að tryggja sjóðfélaganum rétt vegna elli og örorku. Þessi samsvörun er svo mikil að erfitt er að halda því fram að hægt sé að vera með mismunandi skattlagningu á þessum tveimur hópum, einkum þar sem löggjafinn opnaði fyrir það í 4. gr. slsl. að hluti af skyldutryggingariðgjaldinu gæti falist í séreignarlífeyrissparnaði.

Það sem síðar verður sagt um séreignarsparnaðinn sem eignarréttindi og reglur 2. mgr. 77. gr. um afturvirkni skattalaga, styrkja þessa niðurstöðu enda horfa þau mjög til jafnréttis-sjónarmiða, sérstaklega 72. gr. stjkskr. Bæði 2. mgr. 77. gr. og 72. gr. stjkskr. er ætlað að styrkja réttaröryggi og réttmætar væntingar. Þannig má m.a. segja að þessum tveimur hópum voru

veittar sömu réttmætu væntingarnar í upphafi þegar þeir öðluðust lífeyrisréttindin. Verður ekki séð neitt réttlæti að þeir þurfi að þola mismunandi skattlagningu. Einkum þar sem hún er ákveðin eftir á.

Ákvæði 2. mgr. 77. gr. stjórnarskrárinnar:

Í umræddu ákvæði felst að skattar verða ekki lagðir á með afturvirkum hætti. Álagningu skatta vegna tekna á því ári sem til þeirra var unnið er lokið og verður ekki tekin upp aftur. Þegar af þessari ástæðu er því vandséð að hægt verði að skattleggja nú séreignarsparnað manna þ.e. með öðrum hætti en gert var ráð fyrir í upphafi. Tekjur manna eru ekki allar skattlagðar með sama hætti. Þannig greiða menn tekjuskatt af launatekjum, fjármagnstekjuskatt af fjármagnstekjum og erfðafjárskatt af arfi sem þeim áskotnast. Þegar álagningu skatta er lokið verður hún ekki tekin upp aftur með afturvirkri lagasetningu. Með því að leggja tekjuskatt á inneign manna í lífeyrissjóðum er í raun verið að skattleggja þær tekur sem notaðar voru til að afla réttindanna. Það er ekki hægt. Álagningu skatta vegna þeirra tekjuára lauk á grundvelli þeirra laga sem þá giltu. Álagningin verður ekki tekin upp aftur frekar en aðrar skattaákvarðanir vegna liðins tíma. Hún er endanleg.

Það styrkir þetta sjónarmið enn frekar að dómur Hæstaréttar, sem um þetta fjalla, leggja áherslu á réttmætar væntingar og réttaröryggi². Þegar sjóðfélagar ráðstöfuðu launum liðinna ára í séreignarsparnað höfðu þeir réttmætar væntingar um að skattlagningu þeirra yrði ekki breytt síðar. Þeir máttu vera öruggir um að við slíku yrði ekki haggð. Einkum þegar lagaumgjörðinni var beinlínis ætlað að stýra hegðan fólks og örva það til séreignarsparnaðar. Skattþegninn á réttmæta kröfu skv. 2. mgr. 77. gr. stjkskr. að við slíku verði ekki hróflað. Hafa verður í huga að sé gengið gegn þessum sjónarmiðum rýrir það möguleika löggjafans í framtíðinni að nota lagaumgjörð til að stýra gerðum fólks t.d. með efnahagsleg markmið í huga ef engu er hægt að treysta.

Ákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar:

Réttur manna í lífeyrissjóði er eign skv. nokkrum dómum Hæstaréttar. Slíkar eignir má almennt ekki skerða án þess að fullar bætur komi fyrir. Löggjafinn hefur þrátt fyrir þetta vissar heimildir til að skipa eignarrétti með almennum reglum og eru ýmsar ákvarðanir á grundvelli skipulagslaga dæmi um slíkt. Í þessum efnum þarf að skoða hvort skattlagning séreignarsparnaðar sé almenn heimil skerðing á eignarrétti eða hvort þá sé um skerðingu að ræða sem eigandi þarf ekki að þola bótalaust.

Eins og áður var bent á kann skattlagning lífeyrissparnaðar nú að leiða til þess að verðmæti slíkra réttinda verði minni hjá hópi sjóðfélaga sem nýtur þeirra. Skattbreytingar af þessu tagi koma misjafnlega niður á einstökum skattþegnum en á heildina litið má búast við að þær leiði frekar til skattahækkana. Verði ekki talið um heimila almenna skerðingu á eignarrétti að ræða leiðir af hlutarins eðli að hver einstakur eigandi lífeyrissparnaðar þarf ekki að þola að verðmæti eignar sinnar verði skert með þessum hætti. Er minnt á þá staðreynd að sumir öfluðu þessara réttinda að hluta með skylduframlagi sínu. Jafnræðisreglan hefur mikil áhrif

² Sjá Hrd. 1985 bls. 1296.

við mat á því hvort lagasetning um eignarrétt feli í sér almennar heimilar takmarkanir eða eignaupptöku. Vísast um jafnræðisregluna til þess sem áður er rakið.

Af dómum Hæstaréttar verður ráðið að eignarréttarákvæðinu er ætlað að stuðla að réttaröryggi þannig að eigandinn viti hvar hann standi og hvert inntak eignarréttarins sé. Hér þarf einnig að hafa í huga að séreignarsparnaður er beinlínis tengdur hverjum einstökum eiganda og er því skýrt dæmi um eignarrétt öldungis sambærilegt við að eiga hluti eins og bifreiðar o.þ.h. Löggjafinn stofnaði til séreignarsparnaðarins með lögum og ákvað inntak hans. Sjónarmið um réttmætar væntingar og réttaröryggi skipta hér verulegu máli. Einnig sú staðreynd að séreignarsparnaðurinn er sérgreindur einstökum eiganda og bitnar ný lagasetning misjafnlega á sjóðfélögum sem eiga slíkan sparnað. Niðurstaðan er því sú að lagasetning af þessu tagi fái ekki staðist 72. gr. stjórnarskrárinnar.³

Niðurstaða:

1. Breytingar á skattareglum sem hér eru til umræðu fást ekki staðist 65. gr. stjórnarskrárinnar þar sem afleiðingarnar bitna ekki með sama hætti á sambærilegum hópum.
2. Að taka upp á ný álagningu skatta á tekjur liðins tíma og ákveða að skattleggja þær með öðrum hætti en þá var gert ráð fyrir, er í andstöðu við 2. mgr. 77. gr. stjórnarskrárinnar.
3. Að breyta inntaki eignarréttar manna í séreignarsjóði er í andstöðu við 72. gr. stjórnarskrárinnar og koma þar sjónarmið um réttmætar væntingar, réttaröryggi, meðalhóf, jafnræði og hversu sérgreind þessi eignarréttindi eru, öll til sögunnar og bera að sama brunni.

Ákvæði þessara greina stjórnarskrárinnar styðja síðan hvert annað þannig að þau hvert um sig, að ekki sé talað um öll saman, bera að sama brunni.

Gjört í Reykjavík, 13. júní 2012

Einar Gautur Steingrímsson hrl.

Hjálagt:

Fylgiskjal um dómareifanir.

³ Sjá dóm Hæstaréttar í málinu nr. 499/2002. Þar var m.a. breyting á skattaívilnun inn í framtíðina talin vera í andstöðu við 2. mgr. 72. gr. stjkskr. og andstætt réttmætum væntingum skattgreiðandans. Sjá einnig Hrd. í málum nr. 549/2002 og 101/2002. Samskonar niðurstaða er í málinu nr. 600/2011 en þar voru lög nr. 151/2010 talin fara gegn stjórnarskrá að því marki sem þau röskuðu fjárskiptagrundvellingum vegna liðins tíma. Af þessum tveimur dómum má ráða að eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar stendur iðulega því í vegi að hróflað sé við þegar áunnum réttindum með afturvirkum hætti. Koma þar einnig inn í réttmætar væntingar og réttaröryggi. Í dómi Hrd. 1984/560 var lagt sérstakt gatnagerðargjald vegna bundins slitlags á fasteignaeigendur í tiltekinni götu. Þetta sérstaka gatnagerðargjald var lagt á 1975 en slitlagið var lagt á 1973. Á þessum tíma var ekki bannað í stjórnarskrá að leggja skatta á afturvirkt. Það var talið gegn þágildandi 67. gr. stjkskr. (nú 72. gr.) að leggja skattinn á tveimur árum seinna þegar aðilar höfðu enga ástæðu til að búast við að þeim yrði einhvern tímann gert að greiða kostnaðinn við þessa framkvæmd.

Fylgiskjal með álitserð til Landssamtaka lífeyrissjóða.

Dómur Hæstaréttar í málinu nr. 499/2002: Íslenska ríkið gegn Jónasi Guðmundssyni

Dómareifun Hæstaréttar sjálfs:

J festi kaup á hlutabréfum í innlendum hlutafélögum á árinu 1996. Í skattframtali sínu árið 1997 notfærði hann sér heimild þágildandi laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt til að draga 80% fjárfestingarinnar upp að tilteknu hámarki frá tekjum sínum en samkvæmt ákvæðinu var heimilt að flytja milli ára fjárhæð umfram frádráttarmörk og nýta á næstu fimm árum. Í skattframtali sínu árið 1998 fór J eins að og miðaði ónýttan skattfrádrátt vegna þessara sömu hlutabréfakaupa við sömu fjárhæð og áður. Þetta skattahagræði hafði hins vegar verið skert með lögum nr. 137/1996 um breyting á lögum nr. 75/1981, sem tóku gildi í byrjun árs 1997. Samkvæmt þeim lögum var frádrátturinn lækkaður í áföngum á þremur árum en með eldri ónýttan frádrátt skyldi fara eins og fjárfestingin að baki honum hefði átt sér stað eftir gildistöku laganna. Með vísan til þessa féllst skattstjóri ekki á frádrátt J en sú niðurstaða var staðfest með úrskurði yfirskattaneftndar. Krafðist J þess að úrskurður yfirskattaneftndar yrði felldur úr gildi og honum endurgreiddur þessi mismunur. Hélt hann því fram að með setningu laga nr. 137/1996 hefði löggjafinn mælt fyrir um afturvirka skerðingu á rétti, sem hann hafði þegar áunnið sér samkvæmt lögum, en ákvæði fyrrnefndu laganna gætu ekki náð til fjárfestinga sem til var stofnað fyrir gildistöku þeirra þar sem það væri íþyngjandi og afturvirkt og í andstöðu við 2. mgr. 77. gr. stjórnarskrárinnar. Í Hæstarétti var talið að við úrlausn um það, hvort lagaákvæðið fengi samrýmst reglu 2. mgr. 77. gr. stjórnarskrárinnar, yrði að líta til þess að löggjafi og stjórnvöld hefðu sjálf stuðlað að því í þágu atvinnulífsins að einstaklingar legðu fé sitt í hlutafjárkaup, sem almennt fylgdi áhætta, í stað þess að fjárfesta með öðrum og öruggari hætti. Á móti hefði ríkið tekið á sig að veita skattívilnun af 80% fjárfestingarinnar. Sá tími, sem sú ívilnun skyldi gilda, var bæði fyrirfram gefinn og tiltölulega skammur. Skattalegt hagræði var þannig útreiknanlegt og unnt að leggja mat á áhættuna, sem tekin væri, í samanburði við það. Þegar þessi aðstaða væri virt yrði að fallast á með J að lagagreinin fæli í sér afturvirkni, sem braut í bága við 2. mgr. 77. gr. stjórnarskrárinnar. Var héraðsdómur því staðfestur og íslenska ríkinu gert að greiða J umræddan mismun.

Í málinu var deilt um hvort skattahagræðið væri skattur í merkingu 77. gr. stj.skr. sem ekki mætti afnema með afturvirkum hætti. Um það segir Hæstiréttur:

Frádráttarheimildir skattalaga eru hluti af þeim reglum, sem stjórna því hvaða skattar eru lagðir á einstaklinga og lögaðila. Skattálögur er unnt að auka hvort heldur með því að draga úr eða fella niður eldri frádráttarheimildir, hækka skatthlutfall, breyta skattstofni eða með enn öðru móti. Verður ekki fallist á með áfrýjanda að breyting á frádráttarheimild, sem leiðir til hærri skattgreiðslu, falli almennt utan við reglu 2. mgr. 77. gr. stjórnarskrárinnar um bann við afturvirkni skattalaga, sem er sprottin af því að mikilvægt er talið að almenningur geti treyst því meðal annars að álagning tekjuskatts sé í samræmi við þær reglur, sem giltu þegar teknanna var aflað.

Hér leggur Hæstiréttur áherslu á réttmætar væntingar. Að auki slær hann því föstu að skattahagræði megi ekki skerða með afturvirkum hætti. Áhersla Hæstaréttar er á réttaröryggissjónarmið.

Deilt var um í málinu hvort afnám skattahagræðis væri nokkuð afturvirkt fyrst reglurnar kæmu til framkvæmda frá og með gildistöku laganna. Hæstiréttur hafnaði því með eftirfarandi rökum:

Fjárfesting stefnda fór fram á árinu 1996 meðan lög kváðu á um heimild manna til að draga 80% fjárfestingar við hlutafjárkaup upp að tilteknu hámarki frá skatti næstu fimm árin. Skattaleg meðferð slíkrar ráðstöfunar fjár var þar með ákveðin í lögum, en áhrifum hennar jafnframt dreift á allt að fimm ár. Skattahagræði þetta var skert með lögum nr. 137/1996, en samkvæmt 5. mgr. 3. gr. þeirra laga skyldi farið með eldri ónýttan frádrátt eins og fjárfestingin að baki honum hefði átt sér stað eftir gildistöku laganna. Við úrlausn um það, hvort lagaákvæðið fái samrýmst reglu 2. mgr. 77. gr. stjórnarskrárinnar, verður að líta til þess að löggjafi og stjórnvöld stuðluðu sjálf að því í þágu atvinnulífsins að einstaklingar legðu fé sitt í hlutafjárkaup, sem almennt fylgir áhætta, í stað þess að

fjárfesta með öðrum og öruggari hætti. Á móti tók ríkið á sig að veita skattvildun af 80% fjárfestingarinnar. Sá tími, sem sú ivildun skyldi gilda, var bæði fyrirfram gefinn og tiltölulega skammur. Skattalegt hagræði var þannig útreiknanlegt og unnt að leggja mat á áhættuna, sem tekin væri, í samanburði við það. Þegar þessi aðstaða er virt verður að fallast á með stefnda að lagagreinin feli í sér afturvirkni, sem braut í bága við 2. mgr. 77. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt öllu framanröktu verður hinn áfryjaði dómur staðfestur.

Hrd. 1984/560:

Hæstiréttur segir:

Gatnagerðargjald það, sem um er fjallað í máli þessu, var lagt á samkvæmt 3., 4. og 5. gr. laga nr. 51/1974, sbr. lög nr. 31 /1975 og reglugerð nr. 430/1975. Það var lagt á eigendur fasteigna við Strandgötu á árinu 1975 vegna slitlags, sem sett hafði verið á götuna árið 1973. Hér var um sérstæða skattlagningu að ræða tengda tiltekinni framkvæmd, sem lauk um tveim árum áður en lög og reglugerð um hana voru sett. Verður ekki séð, að stefndi eða aðrir eigendur fasteigna við Strandgötu hafi getað séð það fyrir árið 1973 eða haft ástæðu til að búast við því þá, að þeim yrði einhvern tíma síðar einum gert að greiða kostnaðinn við þessa framkvæmd. Máttu þeir og gera ráð fyrir því árið 1975, er gatnagerðargjaldið var lagt á þá, að skattlagningu miðað við fjárhag þeirra 1973 væri lokið. Verður þessi skattlagning því ekki talin fá staðist eftir 67. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944. Ber af þeim sökum að staðfesta hinn áfryjaða dóm að niðurstöðu til.

Hér er lögð áhersla á réttaröryggi og réttmætar væntingar. Eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar veitir vernd gegn afturvirkni skattalaga óháð 2. mgr. 77. gr.

Hrd. 1985/1296:

Hér var umræðuefnið lög nr. 16/1965 um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga sem kvað á um það ef verði almennar hækkanir á launum hjúkrunarfræðinga skuli ríkissjóður og aðrir, sem í lífeyrissjóðin greiða, bæta sjóðnum þá hækkun sem þannig verður á lífeyrisgreiðslum. Rauð kross Íslands greiddi í sjóðinn fyrir starfsmann sinn og var krafinn um slíkar verðbætur. Hæstiréttur segir:

Þeir, sem réðu málefnum Rauða Krossins, þegar Margrét Jóhannesdóttir var í þjónustu félagsins, gátu ekki séð fyrir eða haft ástæðu til að búast við, að félagið þyrfti einhvern tíma síðar að greiða kostnað vegna uppbótar í lífeyri hennar af völdum verðlagsþróunar í landinu. Þvert á móti máttu þeir gera ráð fyrir, að greiðslum þeirra vegna starfa hjúkrunarfræðingsins væri lokið. Með þessari athugasemd ber að staðfesta héraðsdóm.

Með þessum rökum taldi Hæstiréttur ákvæði laga um bætur vegna almennra verðhækkana fara gegn eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar vegna afturvirkni. Tveir dómáttarar skiluðu sératkvæði og túlkuðu lögina á þann hátt að þeim væri ekki ætlað að hafa afturvirk áhrif. Dómur þessi undirstrikar hve réttmætar væntingar og réttaröryggi orka mjög til skýringar á eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar.